



**Ræða forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á hátíðarsamkomu í Dalabúð  
í opinberri heimsókn  
til Dalasýslu  
20. júní 1997**

Heiðruðu samkomugestir  
Ágætu Dalamenn

Um síðustu helgi vorum við Guðrún Katrín þátttakendur í hátíðahöldum í Kalmar. Þjóðhöfðingjar Norðurlanda voru komnir til hinnar fornu kastalaborgar til að minnast þess að 600 ár voru liðin frá stofnun Kalmarsambandsins, ríkisheildar þar sem ólíkir hlekkir norrænna byggða mynduðu eina keðju.

Í tignarlegri dómkirkjunni sungu biskupar landanna fimm mikilfenglega hámessu og fjölmennur kór flutti forna sálma og nýja. Einstök tilfinning var að heyra sænska söngmenn flytja á íslensku kvæði Kolbeins Tumasonar „Heyr himnasmiður“, ort um aldamótin 1200 en nú sungið við háaltari gömlu dómkirkjunnar í Kalmar.

Hin norræna hátíð sýndi hve rík áhersla er lögð á söguna, menningararf og skyldleika þjóðanna. Hátíðin endurspegladi einbeittan vilja til að hlúa vel að rötum fyrri tíðar, rækta samkennd á umbrotaskeiði í sögu þjóða og heimsbyggðar, umbrotaskeiði sem við þekkjum öll af eigin reynslu.

Heimsókn okkar hjónanna til Dalasýslu fáeinum dögum eftir förina til Kalmar færir okkur fjölmörg sannindamerki um hve ríkir við Íslendingar erum að arfleifð sögu og menningar, minnum um atburði og örlög, landnám og þjóðveldi, kaþólsku og siðbót, upphaf fjölmiðlunar og skólahalds.

Nánast við hver vegamót hér í sýslunni blasa við bæir og kennileiti sem kalla fram frásagnir úr höfuðritum Íslendingasagna. Uppruni íslenskrar þjóðar, blómaskeið þjóðveldis og glíma goðanna innbyrðis og við erlent vald verða í för um Dalasýslu efniviður í sífellda endurnýjun íslenskrar sjálfsvitundar.

Landnáma og Laxdæla, Njála og Sturlunga: gullaldartextar íslenskrar tungu, fjársjóður máls, stíls, orðtaka og hugsunar, mælistikur skálda að fornu og nýju. Þessi höfuðrit Íslendingasagna klæða söguvið sýslunnar ríkulegu lífi og færa okkur heim í túngarð og á bæjarhlað karla og kvenna sem sérhvert íslenskt barn kynnist í skóla.

Auður djúpúðga og Geirmundur heljarskinn, Hallgerður langbrók og Guðrún Ósvífursdóttir, Höskuldur, Kjartan og Ólafur pá, Hvamms-Sturla og sonur hans Snorri, höfundur Heimskringlu.

Þannig mætti lengi kvölds leiða fram á sviðið persónur úr byggðarsögu Dalasýslu, sagnabálkum sem eru hornsteinar íslenskrar menningar, sjálfstæðis okkar og þjóðvitundar.

Á líkan hátt og Kalmarbúar helguðu hátíð sína norrænum arfi hafa Dalamenn lagt metnað í að varðveita forna sögustaði og glæða byggðarlögin minnum um rætur okkar Íslendinga; gætt þess að sérhver ný kynslóð geti sótt hingað efnivið í vitundina um að vera Íslendingur, að eiga einstæða sögu sem gerir okkur að þjóð.

Innan fárra ára mun mannkyn allt fagna nýju árpúsundi. Við Íslendingar munum þá einnig halda hátíðleg tvönn þúsund ára afmæli.

Árið 1000 var kristni lögtekin á Þingvöllum. Saga hennar hefur síðan verið samofin örlögum þjóðarinnar. Hér í Dalasýslu geyma margir kirkjustaðir fjársjóði minninga og minja. Listgripir og helgir munir eru hér enn kirkjuprýði og minna okkur á að túlkun trúar í hagleg, listhefð og skáldskap er rækilega samofin blæbrigðum íslenskrar menningar.

Áformað er að í aðdraganda Kristnihátíðar á Þingvöllum verði vorið áður efnt til mannfagnaða heima í prófastsdæmunum. Dalasýsla er auðug af efniviði í slíka héraðshátíð. Kirkjur og trúarminjar Hjarðarholts og Hvamms, Stóra-Vatnshorns og Skarðs, Dagverðarness, Kirkjuhvols og Kvennabrekku og annars staðar í sýslunni eru staðfesting þess að mannlífið sem mótaði Dali á þjóðveldisöld hélt áfram að auðga sögu og menningu þjóðarinnar á þeim öldum sem í hönd fóru.

Árið 2000 munum við einnig minnst þess að þá verða 1000 ár frá þeim vegamótum í veraldarsögunni að Dalamaðurinn Leifur heppni Eiríksson sigldi vestur um haf og fann heimsálfu sem hann nefndi Vínland en hefur nú um hríð borið heitið Ameríka.

Eiríksstaðir í Dalasýslu, bær Eiríks rauða og Þórhildar Jörundsdóttur og fæðingarstaður sonar þeirra Leifs, er merkur upphafstaður heimssögulegrar ævi.

Leifur heppni frá Eiríksstöðum, helsti landkönnuður þjóðveldistímans, er í röð fremstu sæfara allra alda, sonur Íslands sem skipað er í virðingarsess á afreksskrá heimsbyggðarinnar. Orðstír Leifs og ljóminn sem skín á siglu hans sést vel á sýningunni um norræna landkönnuði sem þjóðhöfðingjar Norðurlanda hafa á undanförunum árum opnað í helstu háborgum evrópskrar menningar.

Við Íslendingar þurfum að rækta vel arfleifð Leifs og spinna þráð sögunnar um íslenska sæfara inn í nýja öld. Sérstaklega eigum við að efna til víðtækrar samvinnu við Vestur-Íslendinga, fólk af íslensku bergi brotið í Bandaríkjunum og Kanada, um að standa vörð um landafundi Leifs í Vesturálfu. Uppbygging á Eiríksstöðum, minnismarki, bústaður frá landnámsöld, aðstaða til sögusýninga, móttöku gesta og fræðslu væri verðugt verkefni slíkrar samvinnu. Eiríksstaðir á Íslandi, fæðingarjörð Leifs heppna, verði áfangastaður sem flestra gesta sem sækja Ísland heim, kennileiti sem verði erlendu fólki forvitnilegt og fræðandi.

Við eigum í Leifi fjársjóð sem við höfum á vissan hátt vanrækt að nýta. Nú er lag að gera 1000 ára afmæli landafundar hans í vestri að tilefni til athafna og úrbóta.

Þegar við hjónin sækjum heim Íslendingabyggðir í Kanada og Bandaríkjunum nú í sumar væri gaman að færa frændfólki okkar og ættboga vestur þar frásagnir af ríkum vilja Íslendinga og sérstaklega ykkar hér í Dölum til að taka höndum saman yfir hafið og gera fæðingarjörð Leifs heppna Eiríkssonar að sameiginlegu kennileiti allra af íslenskum uppruna hvar sem þeir annars kunna að búa og áningarstað gesta víða að úr veröldinni.

Saga Íslendinga í Vesturheimi er merkur þáttur í þjóðarsögunni. Vissulega leið langur tími frá siglingum Leifs, Þorfinns karlsefnis og Guðríðar Þorbjarnardóttur til Vínlands og þar til sveitafólk og sjómenn tóku sig upp á síðustu öld og reistu Íslendingabyggðir á sléttum Manitoba, í fjallasölum Utah og víðar í Vesturálfu. Samt getur Leifur heppni orðið eins konar samnefnari fyrir þá samvinnu sem nú þarf að hefja, samvinnu afkomenda Íslendinga í Vesturheimi og okkar sem nú byggjum Ísland.

Þjóðminjar og sögustaðir eru ekki aðeins sterkur strengur í sjálfsvitund samtímafólks. Í þeim felst einnig auðlind sem getur orðið uppspretta atvinnu, tekna og bættra lífskjara fyrir byggðarlög og samfélög. Ferðamálaþjónusta er mesta vaxtargreinin í hagkerfi heimsins. Þar er síaukin áhersla lögð á þekkingarferðir, fræðslu, sögu og menningu.

Ef við Íslendingar ætlum okkur aukinn hlut í þessari alþjóðlegu samkeppni þá verðum við að sinna fjárfestingu í aðbúnaði og aðstöðu á sögustöðum, sem og við náttúruperlur landsins.

Ferðamálaþjónusta framtíðarinnar verður ekki aðeins eflað með fjárfestingum sem nema tugum miljarða í sífellt stærri flugflota, þótt nýjustu ákvarðanir í þeim eignum beri vott um mikinn stórhug. Það verður líka, og ekki síður, að verja verulegum fjármunum til að gera vel úr garði það sem sýna skal hinum sívaxandi fjölda erlendra gesta í landi okkar.

Hér í Dalasýslu er mikill efniviður í þekkingarheimsóknir ferðamanna. Landafundur Íslendinga á fyrri tíð, kynntir á fæðingarjörð Leifs, merkur

áningarstað í veraldarsögunni, og einnig hugsun, skáldskapur og menning í tíð þjóðveldis og á síðari öldum geta færst nær gestum með heimsóknum til sýslunnar. Uppbygging í Dalasýslu ætti því að vera forgangsverkefni í áætlun um ferðamálaþjónustu á nýrri öld.

Það hefur einnig verið fróðlegt að kynnast því í ferð okkar Guðrúnar Katrínar í dag hvernig nýjungar í ostagerð, mjólkurafurðum, kjötvinnslu og í framleiðslu á heilsuvörum hafa að undanfögnu aukið fjölbreytni í atvinnulífi byggðarlagsins og veitt því nýjan styrk.

Margir telja að auk ferðamannaþjónustunnar verði framleiðsla á gæðamatvælum og náttúrulegum heilsuvörum senn vaxtarbroddur í arðbærasta hluta heimsviðskiptanna. Lífsstíll og gæðakröfur auka verðmæti úrvalsöru sem unnin er úr náttúrulegum efnum og enn frekar ef við vinnsluna eru nýttar hefðir sem eiga sér traustar rætur í sögu og menningu byggðanna.

Í þessum efnum eru þið Dalamenn greinilega á réttri braut og hafið nú þegar lagt grundvöll að nýjum sóknarfærum.

Breytingar á eðli heimsviðskipta, ný viðhorf í verðmætamati og lífsháttum, alþjóðlegir straumar í matargerð og smekk, heilsubót og lækningum, allt fellur þetta í þann farveg að opna ykkur hér í Dölum nýjar brautir til bættra lífshjara.

Við hjónin óskum ykkur allra heilla á þeirri framtíðarbraut og þökkum ykkur hjartanlegar móttökur og fróðlegar samverustundir.

Megi mannlíf Dalabyggða á nýrri öld auðgast og eflast í takt við þau tækifæri sem auðlindir sögu, menningar og náttúrugæða færa ykkur og Íslendingum öllum.